

AUÐUMLA

I

Meira kynni undir að búa sköpunarsögunni norrænu, eins og Snorri segir hana í Gylfaginningu, en í fljótu bragði virðist. Meira er þar, en ætlað hefir verið, sem minnir á sköpunarsöguna persnesku — einkum eins og Máni (Mani) segir hana — og einnig á vísindin. En ógreinilega mjög er sú sköpunarsaga sögð í Eddu, og er svo um allar slíkar sögur; mjög merkileg sannindi, sem liggja fyrir utan þekkingu manna á því stigi, eru þar mjög stórkostlega misskilin. Sagan um hrímið, sem „jók hvert yfir annat allt í Ginnungagap“ er líklega af sömu rótum runnin og útstreymis- eða emanationskenningin persneska. Segir fyrst af Ymi, sem vér ræðum frekar um síðar. En „næst var þat þá er hrimit draup, at þar varð af kýr sú er Auðumla hét.“ Það virðist í fyrstu ekki líklegt, að nokkurt vit megi fá í sögu þessa. En þó má það. Hugsum oss að hrímsaga þessi standi í einhverju sambandi við skynjan skyggns manns — eins af þeim sem kallaðir voru goðmálugir menn eða goðorðsmenn, — á heimspokunum furðulegu sem menn halda nú að sólhverfin skapist af, og hinum ýmsu þáttum þeirrar sögu. Og oss er ekki dularfullt, þegar vér þekkjum nokkuð hin nýju vísindi, íleiðslufræðina (epagógík), hvernig slík skynjan getur átt sér stað. En eftir því sem nú er talið líklegast, þá er hver fylgihnöttur í sólhverfi, í fyrstu eins og dropi, sem drýpur af móðurhnettinum. Vér gætum því gert ráð fyrir, að sagan af fæðing Auðumlu sé í raun réttri fæðingarsaga himinhnattar. En þegar vér gætum að því, hvernig opinberunar- eða vitranamönnum hættir við að blanda málum, þá furðar oss ekki svo mjög á því, þó að hjá hinum goðmáluga manni hafi

orðið kýr úr himinhnettinum. Annar goðmálugur maður mjög merkur, sem kallaður hefir verið postulinn Jóhannes, hefir sagt mjög fræga vitranarsögu af stórviðburðum á „dysexeliktiskri“ stjörnu í öðru sólhverfi. Reynir þar mjög, eins og segir í þeirri bók, „á skilninginn, sem hefir speki til að bera“; furðulega feiknlegt flugvélalið, verður t. d. í frásögn hins goðmáluga manns að engisprettum, en borgum blandar hann saman og konum.

II

Það er ef til vill ekki alveg ófróðlegt, að athuga nafnið Auðumla. Það gæti verið aflagað úr Aurumla, sbr. á latínu auris, eyra, en audire, að heyra. Aur hygg ég þýði skin eða ljómi, sama sem ár, morguns-ár, morgunskin. En umla er leitt af ymur eða ómur. Nafn kýrinnar minnir því á nafn Ymis, og einkum þó á nafn það, sem hrímþursar gáfu honum. En þeir nefndu hann Aurgelmi. Ágætur norrænufræðingur, prófessor E. Mogk, segir að Aurgelmir þýði das rauschende Nass, hin þjótandi eða gnauðandi væta. Hygg ég það sé rétt, að gelmir tákni hljóð og sé sama sem gellir, sbr. hellisnafnið Víðgelmir, sem kynni að vera leitt af því, að undir tekur í hellinum. En aur þýðir ljómi. Og gerum vér ráð fyrir að “kýrin“ hafi í raun réttari verið himinhnöttur skínandi, þá er mjög heppilegt að hafa „aur“ í heitinu.

Þar sem Ymir er, eða Aurgelmir, hefir hinn goðmálugi maður líka blandað saman lifandi veru og himinhnetti. En slíkt var algengt mjög í fornöld, að stjörnurnar væru gerðar að goðum. Einnig Swedenborg blandar á stórfróðlegan hátt saman sól og lýsandi veru í mannsmynd, eins og minnst hefir verið á í ritgerðinni Hið mikla samband. En á 19. öld vildi hinn nafnkunni þýski eðlisfræðingur Fechner, blanda saman ekki alveg ólíkt þessu, og líta svo á sem himinhnettirnir væru lifandi verur. Má um þetta lesa í fróðlegri ritgerð um Fechner eftir Jón Jakobsson landsbókavörð, og annarri eftir prófessor Guðmund Finnbogason, sem heitir: Hefir jörðin sál? Og að vísu hefir jörðin sál. Vér sjáum sál jarðarinnar leika ýmsa straum- og glitleika furðulega, á kvöldin

stundum, og er ekki með slíkum orðum verið að andæfa neitt rannsóknnum þeirra Styrmis.* En líflaus er sú sál, eins og jörðin er líflaus.

III

Þá kemur að þeirri spurningu, hvernig á því standi, að Aurgelmir og Aurumla eru kennd eigi einungis við ljóma, eins og vel ætti við um himinhnetti, heldur einnig við óm? Kann ég þar til ekki öðru að svara en því, að minna á spekinginn mikla, Pythagoras. Kvað hann himinhnettina syngja. Og meir en 2000 árum síðar, sagði stjörnuspekingurinn mikli, Kepler, slíkt hið sama. Sagði Kepler, að Júpíter og Satúrnus hefðu bassann í voru sólhverfi. En eftir þessara manna sögu hefir Goethe ort hið fagra kvæði í Faust:

Die Sonne tönt nach alter Weise
In Brudersphären Wettgesang, o. s. frv.

Og þó er ekki að vita nema honum hafi einnig slíkt sjálfum virst.

EKKI hefi ég reynt neitt til að skilja hvað það muni geta verið í eðli himinhnatta, sem skáld og spekingar byggja slíkar sögur á, enda nægir við þá skýringartilraun sem hér er gerð, ef vitað er, að vitranamenn hafa eignað stjörnunum söng eða ym.

1916 (1922).

*) Carl Störmer, norskur stjarnedlisfræðingur (1874—1957).